

REGLUGJÖRÐ

um

8
17. febr.**viðanka við reglugjörð 5. nóv. 1914 fyrir Árnessýslu
um grenjaleitir og refaveiðar.**

Aftan við 5. gr. refaveiðareglugjörðarinnar bætist ný málsgrein svo-
hljóðandi:

Andvirði seldra yrðlinga fellur til þeirra, sem kosta leit og vinslu
grenja.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt
samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna staðfestist hjermeð samkvæmt
lögum nr. 48, 28. nóv. 1919 til að öðlast gildi 1. mars 1926 og birtist til
eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. febr. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

9
20. febr. og Þuríðar Einarasdóttur frá Kýrunnarstöðum í Hvamshreppi í Dalasýslu,
útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
20. febr. 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð hjónanna Ásgeirs Jónssonar og Þuríðar Einarasdóttur
frá Kýrunnarstöðum í Hvamshreppi í Dalasýslu.**

1. gr.

Sjóðurinn beri ávalt ofanritað nafn. Hann er gjöf hjónanna til Hvamms-
hrepps á dánardægri þeirra, en afhentur af erfingjum árið 1916 til ávöxt-
unar í Sparisjóði Dalasýslu, þá að upphæð kr. 300,00 — þrjú hundruð
krónur —.

2. gr.

Sjóðnum skal varið til styrktar fátækum sjúklingum í Hvammshreppi, sjerstaklega þeim, er þurfa að leita læknishjálpar lengra burtu. Þetta ákvæði nær þó ekki til þeirra, er njóta opinbers styrks til læknishjálpar.

9

20. febr.

3. gr.

Stjórnendur sjóðsins sjeu 3: Sóknarpresturinn, einhver niðji gefendanna, búsettur í hreppnum, helst í beinan karlegg, og einhver maður búsettur í hreppnum, valinn af sýslunefnd Dalasýslu. Þessir menn skulu annast um ávöxtun sjóðsins og geymslu á tryggum stað og úthlutun úr honum á sínum tíma. Allir starfi þeir endurgjaldslaust frá sjóðsins hálfu.

4. gr.

Vextir skulu lagðir við höfuðstól óskertir uns þeir nema kr. 100,00. Þá má fyrst verja alt að helmingi þeirra til styrkveitingar. Hitt leggist við höfuðstólinn þangað til vextirnir nema kr. 200,00; má þá ár og ár í bili verja öllum vöxtunum til úthlutunar, ef mikil þörf krefur.

5. gr.

Þegar sjúklingar þurfa ekki á vöxtum sjóðsins að halda, skulu þeir að jafnaði lagðir við höfuðstól, en verja má þeim þó, er svo stendur á, ár og ár í bili til styrktar fátækum byrjendum við búskap.

6. gr.

Allar umsóknir um styrk úr sjóðnum skulu stílaðar til stjórnar hans og veitir hún þeim, sem hún álitur hafa mest þörf hans.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins sje almanaksárið. Skulu stjórnendur árlega á manntalsþingi gera hreppsþúum grein fyrir ásigkomulagi sjóðsins og styrkveitingum úr honum. Skal sýslunefnd Dalasýslu velja mann til að endurskoða reikninga hans árlega.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Bjarni Jensson. *Salbjörg Asgeirsdóttir.*
Guðjón Asgeirsson. *Sigríður Jónsdóttir.*